

Þróun bóta TR til öryrkja 2008-13

Samanburður við helstu vísitölur

Júlí 2013

Talnakönnun hf.

## Inngangur

Sumarið 2012 hafði Daníel Isebarn Ágústsson, hdl. samband við Talnakönnun hf. og óskaði eftir útreikningum á þróun bóta almannatrygginga með samanburði við hækkun á vísitölum. Bæturnar eru ákveðnar í fjárlögum og taka mið af launaþróun, en skulu aldrei hækka minna en sem nemur hækkun vísitölu neysluverðs skv. 69. grein almannatryggingalaga nr. 100/2007.

Eftirgrennslan undirritaðs um hvernig staðið væri að útreikningi á breytingunni á ári hverju leiddi í ljós að hvorki í Velferðarráðuneytinu né í Tryggingastofnun er vitneskja um hvernig það er gert. Í lok mars 2012 fékk Öryrkjabandalag Íslands svar við fyrirspurn um málið frá Fjármálaráðuneytinu. Af því svari má ráða að ekki eru nákvæmar, handfastar reglur um hvernig þetta skuli gert, heldur miðað við mat á ári hverju. Þó virðist sem litið sé til almennra, umsaminna launahækkana, spár um launahækkanir og verðlagsbreytingar næsta árs skv. forsendum fjárlagafrumvarps.

Þetta fyrirkomulag á útreikningi bóta er ekki heppilegt því það er ekki gagnsætt hvernig bótagrundvöllurinn er metinn. Auðvelt væri að meta á ári hverju launaþróun og breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við t.d. desember og nota þær við útreikninginn. Einnig mætti miða við annan mánuð, en ætíð skyldi miða við 12 mánaða tímabil. Mikilvægast að það viðmið sem notað er sé gagnsætt og liggi fyrir, reiknað af öðrum en Fjármálaráðuneytinu.

Ef reglurnar eru gagnsæjar er auðvelt að sjá hvort bætur hafi verið skertar eða bætt við þær með pólitískum ákvörðunum, en með núverandi fyrirkomulagi er þetta óþörfum vafa undirorpið. Einnig þarf að hafa í huga að greiddar bætur ráðast af ýmsu, t.d. öðrum tekjum bótaþega og skerðingarreglum.

Í september 2012 skilaði undirritaður minnisblaði um útreikningana og í kjölfarið komu fram ábendingar um grundvallargögn og nokkrar viðbótarspurningar sem svarað var í nóvember 2012. Vorið 2013 hafa komið fram frekari ábendingar og fyrirspurnir og skýrslan er nú einfölduð nokkuð. Af hálfu Talnakönnunar er lögð áhersla á það að skýrslan verði gerð aðgengileg í heild ef vitnað er til hennar opinberlega.

Reykjavík, 5. 7. 2013



Talnakönnun hf.

Benedikt Jóhannesson, Ph. D.

## Útreikningur

Í skýrslu þessari er að finna útreikning á breytingum almannatryggingabóta til öryrkja frá árinu 2008, annars vegar fyrir einstaklinga og hins vegar öryrkja í sambúð. Gerðir eru fernir útreikningar:

1. Miðað við hækkun launavísitölu frá janúar 2008
2. Miðað við hækkun vísitölu neysluverðs frá janúar 2008
3. Miðað við hámark af þessu tvennu á hverju ári, hækkun frá janúar 2008
4. Miðað við hækkun lágmarkslauna frá janúar 2008

Bent er á að frá viðmiðunarárinu hafa orðið breytingar á bótaflokkum. Eins þarf að hafa í huga að reglum um skerðingar bóta vegna tekna einstaklings og maka hefur verið breytt. Þess vegna gefa þessir útreikningar aðeins hugmynd um breytingar á þessum fjárhæðum sem um er rætt.

Í töflu 1 sést hvernig heildarbætur hækka á hverju ári með samanburði við vísitölur. Í síðustu tveimur dálkunum sést breyting heildarbóta, annars vegar hjá bótaþega sem býr einn og hins vegar bótaþega í sambúð. Með heildarbótum (óskertum bótum) er átt við bætur til þess sem hefur ekki neinar tekjur annars staðar að. Í fremri dálkunum eru samanburðarflokkarnir.

Dálkurinn *Laun* sýnir 12 mánaða hækkun launavísitölu frá janúar til janúar seinna árs.

Dálkurinn *Neysla* sýnir 12 mánaða hækkun neysluvísitölu m.v. janúar.

Dálkurinn *Hámark* er hámark af árlegri hækkun launa- og neysluvísitölu.

Dálkurinn *Lágmarkslaun* sýnir lágmarkstekjutryggingu fyrir fullt starf í dagvinnu, 173,33 st á mán. fyrir starfsmenn eldri en 18 ára, eftir fjóra mánuði í starfi samfelt hjá sama fyrirtæki. Miðað er við samning Starfsgreinasambandsins (SGS) og Samtaka atvinnulífsins (SA). Miðað er við janúar hvort ár. *Óskertar bætur* á við bætur þeirra sem hafa ekki neinar tekjur annars staðar að.

Hækkun bótaflokkanna á í raun og veru við hækkun seinna árið. Í ársbyrjun 2009 (lína merkt 2008-9) var hækkunin meiri en sem nam hækkun launavísitölu, en minni en hækkun vísitölu neysluverðs. Seinustu ár eru í tölunum miklar sveiflur eins og sjá má.

**Tafla 1: Árleg 12 mánaða hækkun vísitalna og óskertra örorkubóta 2008-2013**

	Launa- vísitala	Neyslu- verðsvísitala	Hámark	Lágmarks- laun	Bætur einhleypings	Bætur sambúðarfólks
2008-9	7,5%	18,6%	18,6%	16,0%	10,3%	10,7%
2009-10	3,1%	6,6%	6,6%	8,3%	0,0%	0,0%
2010-11	4,4%	1,8%	4,4%	7,7%	9,5%	10,5%
2011-12	9,1%	6,5%	9,1%	7,6%	2,9%	2,3%
2012-13	5,0%	4,2%	5,0%	6,0%	3,8%	3,7%

Miðað er við hækkun vísitalna frá janúar til janúar. Í bótum eru reiknaðar meðalbætur (reiknaðar miðað við fjölda mánaða sem bæturnar gíltu) þau ár sem breyting var innan árs. Rauðu tölurnar sýna þá tölu sem hærri er og notuð er við útreikning hámarksdálksins. Árið 2011 er 50 þúsund króna eingreiðsla (skipt á 12 mánuði) reiknuð með lágmarkslaunum og í greiðslum til bótaþega. Heimildir: Hagstofa Íslands, Tryggingastofnun ríkisins, ASÍ, útreikningar Talnakönnunar.

Í næstu töflu má sjá heildarhækkun frá upphafi tímabilsins.


**Tafla 2: Heildarhækkun nokkurra vísitalna og örorkubóta TR frá 2008 til 2013**

	Laun	Neysla	Hámark	Lágmarks- laun	Óskertar bætur einhleypings	Óskertar bætur sambúðarfólks
2008-9	7,5%	18,6%	18,6%	16,0%	10,3%	10,7%
2009-10	10,8%	26,4%	26,4%	25,6%	10,3%	10,7%
2010-11	15,7%	28,7%	32,0%	35,3%	20,7%	22,3%
2011-12	26,2%	37,1%	44,0%	45,6%	24,3%	25,1%
2012-13	32,6%	42,8%	51,2%	54,3%	29,0%	29,7%

Í þessari töflu er reiknuð hækkun í hverjum dálki fyrir sig. Hámarksdálkurinn hækkar alltaf jafnmikið eða meira en dálkarnir tveir þar á undan vegna þess að hann fylgir þeirri vísitölu sem hækkar meira innan ársins. Fyrstu tvö árin var það neysluvísitalan, eftir það launavísitalan. Heimildir: Hagstofa Íslands, ASÍ

Bætur almannatrygginga skulu skv. 69. gr. almannatryggingalaga breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun þeirra skal taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs. Erfitt er að segja til um það nákvæmlega hvernig bætur til ákveðinna einstaklinga hafa breyst, því að þar skiptir tekjumynstur einstaklinga mjög miklu máli. Til þess að fá raunsanna mynd af þróuninni á tímabilinu þarf að sjá þróun heildartekna öryrkja á tímabilinu, ekki bara bóta frá TR. Þetta sést á mynd 4. Á myndum er horft á þróun örorkubóta einstaklings, en hún er svipuð í prósentum talið hjá sambúðarfólki, þó að munur sé á bótagreiðslum til þessara hópa í krónutölum (sjá viðhengi).


**Mynd 1: Hækkun örorkubóta til einstaklinga frá TR 2008-13 og hækkun lágmarkslauna**



Rauði ferillinn sýnir hækkun örorkubóta til einstaklings en sá blái hækkun lágmarkslauna (sjá bls. 3). Heimildir: Staðtölur TR, ASÍ.

Skoðum næst þróun bóta almannatrygginga miðað við hinar ýmsu vísitölur sem hér eru teknar til skoðunar.


**Mynd 2: Þróun launavísitölu, verðlags og örorkubóta almannatrygginga, einhleypingar 2008-13**



Heimildir: Hagstofa, TR, útreikningar Talnakönnunar.

Mynd 2 sýnir þróun bóta einstaklings (einstaklingur einungis með bætur almannatrygginga en engar aðrar tekjur) miðað við þróun almennra launa skv. launavísitölu og verðlags, sem mælt er með vísitölu neyslu frá 2008. Myndin sýnir að bætur skerðast miðað við verðlag en halda skár í við launavísitölu þó á öryrkja halli í lokin.


**Mynd 3: Þróun lágmarkslauna, launavísitölu og örorkubóta almannatrygginga, einhleypir 2008-13**



Heimildir: TR, ASÍ, útreikningar Talnakönnunar

Mynd 3 sýnir þróun bóta einstaklings (einstaklingur einungis með bætur almannatrygginga en engar aðrar tekjur) miðað við þróun lágmarkslauna og almennra launa samkvæmt launavísitölu (sjá bls. 3). Á þessu tímabili hafa lágmarkslaun hækkað mun meira eins og myndin sýnir.

#### Mynd 4: Hækkun meðalheildartekna öryrkja jan. 2009 - jan. 2013



Heimildir: Tafla frá TR: Greining á lífeyrisþegum 2009-13 meðaltekjur, útreikningar Talnakönnunar. Miðað við janúar ár hvert. Paraður samanburður.

Á mynd 4 sést að heildartekjur öryrkja hækkuðu um 4,7% frá janúar 2009 til janúar 2013, en á sama tíma hækkaði launavísitala um 23,5%. Hér er verið að tala um allar tekjur öryrkja (þ.m.t fjármagnstekjur), ekki aðeins bætur frá TR. Á sama tíma var verðbólga 20,5% en meðaltekjur eftir skatta hækkuðu aðeins um 4,1% svo að kaupmáttarskerðing er mikil. Þessir útreikningar byggja á keyrslu frá TR, sem unnin var á tekjum 11.086 öryrkja, sem allir fengu bætur frá TR í janúar öll árin frá 2009 – 2013 (paraður samanburður). Niðurstaðan er skýr.

### Niðurstaða

Við undirbúning þessarar skýrslu var stuðst við grunntölur frá Tryggingastofnun ríkisins. Útreikningar benda til þess að talsvert halli á bótaþega þegar litið er á þróun bótafjárhæða miðað við þróun vísitalna og lágmarkslauna á tímabilinu sem miðað er við.

Það hallar enn meira á öryrkja þegar miðað er við meðalheildartekjur á hvern örorkulífeyrisþega. Skýringin sést á mynd 4. Þó að bætur TR hafi vaxið kemur í ljós að heildartekjur öryrkja vaxa mun minna, svo lítið að greinilegt er að bótafjárhæðirnar einar segja ekki alla söguna heldur þarf að horfa á það hvernig tekjusamsetning hefur áhrif, sem og breytingar á frítekjumörkum og öðrum skerðingar- og útreikningsreglum.

Niðurstaðan er skýr og út frá henni má fullyrða að kjör öryrkja hafi versnað meira en annarra á tímabilinu frá hrúni.

## Viðhengi.

Yfirlit yfir heildartekjur öryrkja með engar aðrar tekjur en bæt看ur almannatrygginga 2009 – 2013. Upphæðir fyrir janúar ár hvert. Fyrsta örorkumat við 40 ára aldur.

2009	Einhleyp/ur	Sambúðarfólk
Grunnlífeyrir	29.294	29.294
Aldurstengd örorkuuppbot	4.394	4.394
Tekjutrygging	93.809	93.809
Heimilisuppbot	27.242	0
Sérstök framfærsluuppbot	25.261	26.003
<b>Samtals fyrir skatt</b>	<b>180.000</b>	<b>153.500</b>
<b>Samtals eftir skatt</b>	<b>155.245</b>	<b>138.603</b>

2010	Einhleyp/ur	Sambúðarfólk
Grunnlífeyrir	29.294	29.294
Aldurstengd örorkuuppbot	4.394	4.394
Tekjutrygging	93.809	93.809
Heimilisuppbot	27.242	0
Sérstök framfærsluuppbot	25.261	26.003
<b>Samtals fyrir skatt</b>	<b>180.000</b>	<b>153.500</b>
<b>Samtals eftir skatt</b>	<b>157.209</b>	<b>140.572</b>

2011	Einhleyp/ur	Sambúðarfólk
Grunnlífeyrir	29.294	29.294
Aldurstengd örorkuuppbot	4.394	4.394
Tekjutrygging	93.809	93.809
Heimilisuppbot	27.242	0
Sérstök framfærsluuppbot	29.401	29.533
<b>Samtals fyrir skatt</b>	<b>184.140</b>	<b>157.030</b>
<b>Samtals eftir skatt</b>	<b>159.642</b>	<b>142.647</b>

2012	Einhleyp/ur	Sambúðarfólk
Grunnlífeyrir	32.775	32.775
Aldurstengd örorkuuppbot	4.916	4.916
Tekjutrygging	104.957	104.957
Heimilisuppbot	30.480	0
Sérstök framfærsluuppbot	29.877	32.298
<b>Samtals fyrir skatt</b>	<b>203.005</b>	<b>174.946</b>
<b>Samtals eftir skatt</b>	<b>173.735</b>	<b>156.153</b>

2013	Einhleyp/ur	Sambúðarfólk
Grunnlífeyrir	34.053	34.053
Aldurstengd örorkuuppbot	5.108	5.108
Tekjutrygging	109.050	109.050
Heimilisuppbot	31.669	0
Sérstök framfærsluuppbot	31.042	33.558
<b>Samtals fyrir skatt</b>	<b>210.922</b>	<b>181.769</b>
<b>Samtals eftir skatt</b>	<b>180.691</b>	<b>162.418</b>

